

Nd.

## 400. Frumvarp til laga

[207. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 og nr. 20/1980.

Flm.: Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen.

### 1. gr.

Aftan við 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Nú nýtist námsmanni eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar hinum ónýtta námsfrádrætti, frá tekjum næstu fimm ára eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni, er foreldri námsmanna kynni að hafa notið skv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins fyrir hvert þessara ára skal hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

### 2. gr.

Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo: Enn fremur skal heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim mönnum, er ekki hafa notið heimildar þeirrar er fólst í E-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 vegna brottfalls þess ákvæðis við gildistöku laga nr. 40/1978, skal heimilt að nýta sér heimild þá, er í lögum þessum felst, og skal kveðið nánar á um framkvæmd þess í reglugerð.

### Greinargerð.

Ákvæði það, sem í 1. gr. frv. er gerð tillaga um, er að efni til úr lögum um sama efni nr. 70 frá 28. apríl 1962. Stóð heimildarákvæði þessa efnis í lögum allt til þess að það féll niður 1. janúar 1980 við gildistöku nýju laganna um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980.

Ákvæðið kom á sínum tíma inn í lögina í tengslum við stofnun Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í upphaflegri gerð frumvarps til laga nr. 70/1962 var við það miðað, að endurgreiðslur námslána yrðu frádráttarbærar frá skatti næstu 5 ár eftir námslok. Frá þeirri hugmynd var þó fallið í meðförum Alþingis, m. a. vegna ábendinga frá ýmsum félögum háskólamanna. Þótti sýnt að þessi skipan hvetti um of til lántöku, þar sem þeim námsmönnum, er leitast við að afla sér vinnutekna með náminu og hafa til þess aðstöðu, væri þannig mismunað, þrátt fyrir sama námskostnað. Naut ákvæði þetta viðtæks stuðnings meðal þingmanna og var samþykkt mótatkvæðalaust.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps flutti á síðasta þingi frumvarp sama efnis og 1. gr. mælir fyrir um og kom þá berlega í ljós, að mikill áhugi er á málinu meðal námsmanna, og bárust fjölmargar samþykktir og ályktanir því til stuðnings. Frumvarpið náði þó ekki fram að ganga, en sökum mikilvægis þessa máls og með

tilliti til nokkuð breyttra forsendna þykir flutningsmönnum rétt að flytja það nú á ný í lítið eitt breyttu formi.

Með frumvarpi þessu er viðurkennt að fjárfesting námsmanna í menntun sé ekki í skattalögum metin minna en önnur fjárfesting, því sé rétt og skylt að taka nokkurt tillit til hennar við skattlagningu árin eftir að til hennar er stofnað. Má öllum ljóst vera að námsmaður, sem t. d. treystir á lántökur til að standa straum af útlögðum kostnaði og upphaldi meðan á námi stendur, er þannig að ráðstafa tekjum er síðar verður aflað og þá m. a. í krafti þeirrar menntunar er hann hefur aflað sér. Þannig er augljóslega margt líkt með fjárfestingu í menntun og annarri fjárfestingu sem að vissu marki er viðurkennd til frádráttar í lögnum. Þar við bætist að námsmaður, sem leggur út í framhaldsnám eftir tuttugu ára aldur, horfir fram á skemmri starfstíma af þeim sökum. Því er það alveg ljóst, að kröfur t. d. háskólamanna til launa hljóta að taka mið af þessu í mun ríkara mæli en verið hefur, ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga. Hefur sá skilningur þegar komið fram í ályktunum samtaka þeirra. Ótímabært brottfall samsvarandi heimilda var því síst til þess fallið að stuðla að auknum launajöfnuði í þjóðfélaginu.

Í lögnum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980, eru heimildir til frádráttar á vöxtum og verðbótum stórlega skertar frá því sem áður var. Þannig eru það nú einungis vextir og verðbætur, er stafa af lánnum vegna bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði, sem koma til frádráttar tekjum. Skv. því falla verðbætur af námslánnum nú utan þessarar heimildar. Á það ber að minna, að brátt verður lagt fram á þinginu frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en í því frumvarpi verður væntanlega gert ráð fyrir stóru auknum endurgreiðslum, allt í hlutfalli við tekjur á ári hverju. Þannig verða námslánin nú mjög nátengd tekjuskattinum. Að öllu samanlögðu virðist því augljóst, að greiðslubyrði þeirra, er ljúka langskólanámi, á enn eftir að aukast mjög verulega frá því sem nú er, enda eru námslán venjulega endurgreidd með tekjum sem yfirleitt lenda í efsta skattþrepi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að koma til móts við þarfir þeirra, sem leggja á sig langt framhaldsnám, ekki síst með hliðsjón af harðari endurgreiðslureglum Lánasjóðs ísl. námsmanna og minnkandi líkum á auka- og sumarvinnuframboði fyrir skólafólk.

#### *Greinargerð með einstökum greinum.*

##### **1. gr.**

Námsfrádráttur hérlendis er nú að hámarki 725 000 kr. vegna tekjuársins 1980 og 1 450 000 kr. við skóla erlendis. Í mörgum tilvikum nýtist þessi frádráttur ekki vegna tekjuskorts, en fólk hefur framfærslu af lánnum. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

##### **2. gr.**

Hér er lagt til, að farið sé með verðbætur og vexti af námslánnum eins og um lán til húsbýgginga eða húskaupa. Á slíkum frádrætti er ákvæðið hámark eins og kunnugt er. Það hámark breytist ekki skv. frv. Þótt menn þurfi að greiða samtímis af námslánnum og húsalánnum.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Með þessu ákvæði er brúað bil sem varð vegna gildistöku nýju laganna á s. 1. ári.